

## 111/01 - Sindri GK-270

Sindri GK-270, eldur um borð

### Sindri GK-270

**Skipaskr.nr.:** 7361

**Smíðaður:** Hafnarfirði 1992 Plast

**Stærð:** 8,00 brl; 6,00 bt

**Lengd:** 9,04 m **Breidd:** 2,82 m **Dýpt:** 1,81 m

**Vél:** Perkins 312,00 kW **Árgerð:** 1997

**Annað:**

**Földi skipverja:** 2

### Atvikalýsing

Þann 17. desember 2001 var m/b. Sindri GK-270 að línuveiðum á Kollsvíkinni, suðvestur af Blakksnesi. Veður: SSV - gola, bjartviðri og sjólítið.

Um kl. 11:00 voru skipverjar að undirbúa lagningu línunnar. Þeir urðu varir við að reyk lagði út úr stýrihúsinu. Annar skipverjinn fór í að sjósetja gúmmíbjörgunarbátinn en hinn náði í talfæri talstöðvarinnar til að senda út hjálparbeiðni. Villi í Efstabæ BA-124 var nærstaddur og heyrðu skipverjar á honum kallið. Skipverjar Sindra fóru strax í gúmmíbjörgunarbátinn eftir að hann blés upp og skáru á fangalínuna og kom Villi í Efstabæ skömmu seinna að þeim og tók þá um borð.

Villa í Efstabæ var síðan lagt að Sindra og farið yfir með spúslöngu og eldurinn slökktur eftir því sem best varð séð. Sindri var síðan tekinn í tog til hafnar á Patreksfirði. Á leiðinni gaus eldur aftur upp í Sindra en það náðist að slökkva hann. Sindri var síðan dreginn að bryggju og Slökkvilið Vesturbyggðar slökkti endanlega í þeim glæðum sem eftir voru

### Við rannsókn kom fram

- að skipverjarnir sátu báðir í stýrihúsinu og reyktu á útstíminu;
- að enginn öskubakki var í stýrihúsinu og slóu þeir öskuna af sígarettunum út um opna hurðina;
- að annar skipverjinn lagði úlpuna frá sér, áður en hann fór í sjógallann, á þeim stað sem ætla má að eldur hafi fyrst komið upp.

### Nefndarálit

Nefndin telur að orsök brunans megi sennilega rekja til þess að óvarlega hafi verið farið með glæðu frá vindlingi.